

40. Ævintýri úr nútímanum

Maður býr ekki til fótspor í sandinn sitjandi



Málafni	Mismunun, menntun og tómstundir, ofbeldi
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	60 mínútur
Hópstærð	5–15 börn
Tegund verkefnis	Frásögn, umræður
Yfirlit	Börnin skiptast á að segja sögur sem byggjast á myndasöfnum
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að kynna barnavinnu • Að kenna börnunum að hlusta • Fyrir elstu börnin: Að kynna Mannréttindadómstól Evrópu
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Finndu þægilega spýtu • Taktu ljósrit af teikningum fyrir hver tvö börn • Taktu ljósrit af stytta útgáfu Barnasáttmálans fyrir hvert barn
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Spýta • Ljósrit af teikningum • Ljósrit af stytta útgáfu Barnasáttmálans

Leiðbeiningar

1. Segðu börnunum að setjast í hring og hlusta á sögu sem er sögð á sérstakan hátt. Reyndu að skapa dularfulla stemningu. Sýndu þeim spýtuna og segðu þeim að þetta sé „talsproti“, því að aðeins sá sem heldur á honum má tala. Þegar hann hefur lokið máli sínu réttir hann einhverjum öðrum sprotann.
2. Dreifðu úr myndunum þannig að börnin sjái þær allar og útskýrðu fyrir þeim að út frá myndunum eigi þau í sameiningu að búa til sögu um stelpu sem heitir Siwa. Útbýttu svo myndum þannig að hvert barn fái eina eða tvö börn séu saman um mynd. Segðu þeim að sá hluti sögunnar sem þau eiga að segja tengist þessari mynd. Gefðu börnunum smátíma til að velta fyrir sér hvað lesa megi út úr myndinni og ræða um það ef þau eru tvö saman.
3. Vertu sá fyrsti sem heldur á talsprotanum og segðu nokkur orð til að sýna þeim hvernig þau eigi að bera sig að. Láttu svo barnið sem á að byrja á sögunni fá sprotann. Útskýrðu síðan fyrir þeim að sá sem vill segja frá næst eigi að rétta myndina sína upp; ef fleiri en einn sýna áhuga ræður sá sem hefur orðið hver fær sprotann næst.
4. Í sögulok skaltu spyrja börnin hvort þau langi til að fá að heyra sönnu söguna að baki þessum myndum. Segðu eða lestu söguna um Siwu.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Á hverju byggðuð þið frásögn ykkar? Minntu myndirnar ykkur á eitthvað sem þið hafið upplifað eða heyrt um?
 - b. Var sagan sem þið sögðuð út frá myndunum svipuð hinni raunverulegu sögu?
 - c. Hvað fannst ykkur um söguna af Siwu? Hvernig leið ykkur?
 - d. Viljið þið spyrja um eitthvað sem tengist sögunni um Siwu?



2. Ræddu um barnavinnu og hvernig nútímaþrælahaldi er háttað með spurningum á borð við:
 - a. Hvað er þræll?
 - b. Að hvaða leyti lifði Siwa við aðstæður sem minna á þrælahald?
 - c. Haldið þið að sagan hennar Siwu gæti átt sér stað hér á landi? Vitið þið um einhver svipuð tilvik?
 - d. Eru enn til þrælar í heiminum?
3. Láttu börnin fá ljósrit af styttnum útgáfum Barnasáttmálans, Mannréttindayfirlýsingarinnar eða Mannréttindasáttmála Evrópu. Skoðaðu sögu Siwu út frá sjónarmiði mannréttinda:
 - a. Hvað verður um börn sem eru neydd til að vinna?
 - b. Hvernig snertir það mannréttindi þeirra? Getið þið nefnt einhver réttindi í sögu Siwu sem brotið var gegn samkvæmt Barnasáttmálanum?
 - c. Hvernig stendur Barnasáttmálinn vörð um réttindi barna?
 - d. Standa einhverjir aðrir mannréttindasamningar einnig vörð um réttindi barna?

Tillögur um framhald

Æfingaverkefni sem snýst um málefni sem kann að valda ótta má ekki taka fyrir eitt og sér. Fylgdu því stuttlega eftir með verkefni sem felur í sér jákvæðan boðskap, til dæmis „Mannréttindi sett á kortið“, bls. 137 eða „Áhorfandi eða hjálparhella“, bls. 60.

Hugmyndir um aðgerðir

- Börnin geta leitað uppi landslög sem kveða á um vernd gegn barnavinnu. Hve mikið er börnum heimilt að vinna samkvæmt lögum? Njóta börn verndar gegn tilteknum störfum?
- Börnin geta skipulagt og gert skoðanakönnun til að komast að því hve mikið börn vinna heima hjá sér og hvers konar störf þau inna af hendi. Teljast störf innan fjölskyldunnar til barnavinnu (t.d. barnapössun, heimilisstörf, aðstoð við foreldra í vinnu sinni)? Leggja strákar og stelpur jafn mikið af mörkum til hjálpar fjölskyldu sinni?
- Skipuleggðu herferð með börnunum gegn barnavinnu og mansali, sem er málefni sem ekki er víst að börnin þekki en sem mun vekja áhuga þeirra.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Börnin kunna að þurfa á hjálp að halda við sögugerðina út frá myndunum. Þú gætir stýrt söguþræðinum í átt að réttu útgáfunni með því að vera með sem einn af sögumönnunum. Þau gætu líka átt erfitt með að sjá myndirnar í réttu samhengi.
- Þú gætir þurft að útskýra hvað felst í hugtakinu „mansal“.
- Vertu reiðubúin(n) að svara spurningum barnanna um sögu Siwu, hún kann að vekja undrun þeirra eða koma þeim í uppnám. Þú þarft líka að geta útskýrt fyrir þeim hvar og hvernig þau geta leitað sér hjálpar ef þau eða aðrir lenda í svipuðum aðstæðum.
- Saga Siwu byggist á raunverulegum atburðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu skar úr um (Siliadin v. France, No. 73316/01). Í sögunni í *Litla-kompás* er heimaland Siwu vísitandi ekki nefnt á nafn (það var í raun Tógó) og ekki heldur landið sem hún var send til (sem var Frakkland) til að gefa ekki til kynna að flest börn sem seld eru mansali komi frá Afríku, eða í öllu falli landi utan Evrópu, eða að Frakkland sé eina landið þar sem svona lagað viðgangist. Einnig er hægt að breyta sögunni þannig að hún endurspegli aðstæður hér á landi. En gættu þess vel að minnast ekki á að mansal eigi sér aðeins stað í löndum utan Evrópu. Það eru því miður mörg dæmi um mansal á milli tveggja Evrópulanda.



- Þú verður að geta skýrt frá annars konar vernd gegn barnavinnu en þeirri sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum. Sjá umfjöllun um barnavinnu í V. kafla, bls. 224, og mansal á börnum, bls. 275.
- Hjálpaðu börnunum að greina á milli vinnu við að hjálpa til heima hjá sér og barnavinnu sem ekki á að eiga sér stað. Sýndu í því sambandi fram á rétt barna til hvíldar, frístunda og menntunar, og einnig önnur réttindi barna.
- Um allan heim eiga stelpur færri frístundir en strákar og þess er vænst að þær vinni meira en þeir kauplaust. Þú gætir skoðað þessar mismunandi væntingar til stráka og stelpna í tengslum við kynja-jafnrétti.

Dreytingar

- Fyrir eldri börnin: Fjallaðu um sögu Siwu í tengslum við Mannréttindadómstól Evrópu með spurningum á borð við:
 - Siwa og lögfræðingurinn hennar fóru með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hafið þið heyrt um þann dómstól? Hverjum eða hverju var reynt að breyta með máli Siwu?
 - Hver var ákvörðun Mannréttindadómstólsins í þessu tilviki? Hver varð niðurstaðan?
 - Er búið að undirrita Mannréttinasáttmála Evrópu hér á landi?
 - Getið þið sem börn leitað til Mannréttindadómstóls Evrópu? Hvað getur Mannréttindadómstóll Evrópu gert fyrir ykkur?
- Fyrir eldri börnin: Berið Mannréttindayfirlýsinguna og Barnasáttmálann saman við Mannréttinasáttmála Evrópu. Sáttmálann má t.d. finna í *Kompás-Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk*. (Evrópuráðið, 2002, Námsgagnastofnun 2009.) (Sjá einnig á www.nams.is)
 - Fyrir yngri börnin: Númeraðu myndirnar og leggðu þær í rétta röð svo að börnin sjái framvindu mála.

Nánari upplýsingar

- Um Mannréttindadómstól Evrópu: www.echr.coe.int
- Myndband um Mannréttindadómstól Evrópu: www.coe.int/t/e/multimedia/defaulten.asp
- Um baráttu Evrópuráðsins gegn mansali: www.coe.int/t/dg2/trafficking/campaign/default_en.asp
- Bæklingur Evrópuráðsins „Action Against Trafficking in Human Beings“, Aðalskrifstofa alþjóðasamskipta – almannatengslaþjónusta, í samstarfi við Aðalskrifstofu mannréttindamála – jafnréttissvið, 2006 (einnig tiltækur á www.coe.int/t/dg2/trafficking/campaign/Source/English%20brochure.pdf)
- Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (einnig á www.coe.int/t/dg2/trafficking/campaign)



EFNI TIL DREIFINGAR



SAGA SIWU

Saga Siwu

Einu sinni, fyrir ekki svo löngu síðan, var stúlka sem hét Siwa. Hún átti heima í landi þar sem fátækt var mikil. Hún bjó hjá frænda sínum vegna þess að foreldrar hennar dóu þegar hún var lítil.

Þegar Siwa varð eldri gerði hún sér grein fyrir því að heimurinn væri miklu stærri en landið hennar og þar væru ýmsir spennandi staðir sem gaman væri að heimsækja. En eins og flestir í heimalandi hennar var Siwa fátæk og hafði ekki efni á því að ferðast.

Dag einn kom þó frændi hennar með tillögu. Hann stakk upp á því að hann myndi senda Siwu til kunningjakonu sinnar, frú X, sem ætti heima í ríku landi. Siwa varð mjög spennt við tilhugsunina um að komast í ferðalag og vildi endilega fara. Frændinn samdi við frú X um að hún myndi kaupa flugmiða handa Siwu og að Siwa myndi búa hjá henni og hjálpa til við heimilisstörfin þar til hún hefði unnið fyrir flugmiðanum. Svo fór að Siwa steig um borð í flugvél og ferðaðist til ríka landsins. Hún var full tilhlökkunar yfir öllu því sem hún myndi upplifa þar. Frú X hafði lofað að senda hana í skóla og sjá um að hún fengi lögleg skilríki þannig að hún gæti ferðast um að vild og skoðað nýja landið.

En þegar Siwa var komin inn á heimili frú X fór ýmislegt öðruvísi en ætlað var. Frú X var ekki eins vingjarnleg og stúlkan hafði reiknað með. Hún ætlaðist til að Siwa passaði börnin og sæi ein um öll heimilisstörfin. Þegar Siwa spurðist fyrir um skólann sagði frú X að hann gæti beðið.

Að nokkrum tíma liðnum sagði frúin Siwu að nú ætti hún að flytjast um tíma til frú Y. Siwa vonaðist til að nú gæti hún loksins farið að byrja í skólanum og njóta lífsins í þessu nýja landi. En því miður kom frú Y enn verr fram við hana en frú X. Siwa þurfti að þræla enn meira. Núna þurfti hún að byrja að vinna snemma á morgnana og komst ekki í háttinn fyrr en seint á kvöldin. Og jafnvel þá fékk hún ekki svefnfrið því að hún svaf á gólfinu í barnaherberginu og þurfti að annast ungbarnið sem vaknaði oft upp grátandi á nóttunni. Auk þess sem hún þurfti að þvo og þrifa, elda matinn og passa börnin, þá fékk hún heldur ekki að fara út í göngutúra og skoða sig um í borginni. Siwu leið hörmulega og hún sá eftir því að hafa farið frá Afríku.

Dag einn tókst Siwu að fá leyfi til að fara í messu. En í stað þess að fara þangað safnaði hún kjarki til að berja að dyrum í húsi í grenndinni. Hún bað ungu hjónin sem bjuggu þar að hjálpa sér og sagði þeim sögu sína. Hjónunum var brugðið. Þeim fannst óhugsandi að farið væri með manneskju eins og þræl nú á dögum. Saga Siwu lét í eyrum eins og eldgamalt ævintýri en raunveruleikinn var sá að enginn álfadís kom henni til hjálpar, hún varð að reyna að bjarga sér sjálf.

Ungu hjónin buðu Siwu inn til sín og tilkynntu lögreglunni um málið. Að lögreglurannsókn lokinni voru frú X og frú Y ákærðar. En Siwu nægði ekki að þeim yrði refsað. Hún vildi tryggja að ekkert barn þyrfti nokkurn tímann að lenda í sömu aðstæðum og hún. Með aðstoð lögfræðings fór hún því með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og krafðist þess að gerðar yrðu lagabreytingar í þessu landi sem vernduðu börn gegn slíkum þrældómi. Dómurinn féll Siwu í hag og ríkinu var gert að sjá til þess að slík tilvik um vinnuþrælkun ættu sér ekki framar stað þar. Loksins brosti lífið við Siwu. Henni hafði ekki aðeins tekist að flýja fangavistina á heimili frú Y, hún hafði líka komið því til leiðar að ekkert barn þyrfti nokkru sinni að upplifa það sama og hún í þessu landi.

Heimild: Byggt á máli Siliadin v. France, nr. 73316/01 fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu..

